

## Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 13. september, var haldinn 131. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarði og hófst fundurinn kl. 17:00. Viðstödd voru Guðbrandur Guðmundsson varaformaður hverfisráðsins og starfandi formaður, Ólafur Kr. Guðmundsson. Einnig sátu fundinn Jóhannes Óli Garðarsson áheyrnarfulltrúi Korpúlfa og Árni Guðmundsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs. Auk þeirra sátu fundinn Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs og Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Tillaga að frístundastefnu, kynningu frestað.
2. Lagt var fyrir fundinn til kynningar útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs um Spöngina 3-5.
  - Kl. 17:10 taka Elísabet Gísladóttir og Gísli Rafn Guðmundsson sæti á fundinum.
3. Lagt var fyrir fundinn, til kynningar, útskrift úr gerðarbók Umhverfis- og skipulagsráðs um Hverafold 49-49A.
4. Ábending af Reykjavíkurvef varðandi Foldartorg var lögð fyrir fundinn. Eftirfarandi bókun var gerð:

Hverfisráð Grafarvogs tekur undir áhyggjur Kolbrúnar Jóhannsdóttur um lítið þjónustuframboð í Foldatorgi í Hverafold, sem og í öðrum verslunarkjörnum Grafarvogs.

Frestað.

5. Kynning á Barna og unglingsþingi.  
Frestað.
6. Kynning málefnum um sundleikfimi eldri borgara var kynnt. Eftirfarandi bókun var gerð.

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á sundleikfimi í Grafarvogslaug fyrir eldri borgara yfir veturinn kl 10:00 á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum. Hverfisráði Grafarvogs hafa borist í hendur kvartanir frá eldri borgurum um að nú hafi tímasetningu verið breytt þannig að þessir tímar hafa verið færðir til kl 7:30 sömu morgna. Það er ljóst að sundleikfimi er eldri borgurum mjög mikilvæg og hefur góð áhrif á heilsu þeirra og virkni. Þessi breyting á tímasetningu hennar hefur haft í för með sér að mun færri hafa mætt þetta haustið heldur en undanfarin ár. Hverfisráð skorar á borgaryfirvöld að endurskoða þessa ráðstöfun í samráði við Korpúlfa, félag eldri borgara í Grafarvogi.

Kynning var á hugmyndum sem borist hafa í verkefni Reykjavíkurborgar „Mitt hverfi“. Voru hugmyndirnar kynntar af Sonja Wium frá skrifstofu borgarstjóra, Auði Ólafsdóttir og Mörtu Maríu Jónsdóttur frá umhverfis og skipulagssviði og Jökli Jónssyni ráðgjafa hjá verkfræðistofu Reykjavíkur.

- Kl. 18:05 viku Ólafur Kr. Guðmundsson af fundi.
- Kl. 18:20 viku Elísabet Gísladóttir af fundi.

### Fundi slitið kl. 18:40

Guðbrandur Guðmundsson  
Elísabet Gísladóttir

Gísli Rafn Guðmundsson  
Ólafur Kr. Guðmundsson